



„VIÐ FÁUM AÐ RÁÐA NEMA ÞEGAR KENNARARNIR FÁ AÐ RÁÐA“ Lýðræði, sjálfsefling og þátttaka barna í leikskólastarfi

Ráðstefna fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar
á Hilton Reykjavík Nordica, 8. febrúar 2018

DAGSKRÁ

- 8:00 **Afhending ráðstefnugagna**
- 8:30 **Setning** – Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
- 8:40 **Afhending Hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur**
Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs
- 9:15 **Áhrif barna – Lýðræðislegir starfshættir í leikskólum**
Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- 9:55 **Ásetningur er til alls fyrstur**
Fanný Heimisdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Sunnufold
- 10:20 **Kaffihlé**
- 10:50 **Jafningjasambönd skipta öllu máli – Leiðir og lausnir fyrir starfsfólk leikskóla**
Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- 11:30 **Töfrandi tungumál – Um sjálfseflingu, virkni og lýðræði í fjölmennningarlegum leikskólum**
Lena Sólborg Valgarðsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og Saga Stephensen, verkefnastjóri fjölmennningar í leikskólanum Miðborg
- 12:00 **Samantekt og slit**
Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Ráðstefnustjóri
Gyða Guðmundsdóttir,
leikskólastjóri í leikskólanum Borg

Áhrif barna – Lýðræðislegir starfshættir í leikskólum

Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á hvernig hægt er að styðja við áhrifamátt barna (children's agency) þegar þau taka þátt í leikskólastarfi, í þeim tilgangi að efla lýðræði í daglegu lífi þeirra. Lýst verður starfsaðferðum í tveimur ólíkum leikskólum, sem ætlað er að styðja við að börn tjái skoðanir sínar og áhuga í þeim tilgangi að á þau sé hlustað í leikskólanum. Rætt verður hvernig greina má áhrif barnahópsins og einstakra barna í ljósi þessa flóknu tengsla sem eiga sér stað í leikskólasamfélagi.



Kristín Karlsdóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem hún kennir verðandi leikskólakennurum. Nýlega varði hún doktorsritgerð sem fjallar umr hvernig börn læra í leikskólum þar sem ólíkum starfsaðferðum er beitt. Kristín hefur tekið þátt í innlendu og erlendu rannsóknarsamstarfi, m.a. um námssögur barna, lýðræði í leikskóla og samfelli í skólastarfi. Hún er nú forstöðumaður RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna).

Ásetningur er til alls fyrstur

Leikskóli er stærsti lífsvettvangur barna og þar verja þau mestum tíma sínum. Börnin eru margs konar og starfsfólkið er einnig sundurleitur hópur, en allir eiga jafnan rétt og hafa mestu svipaðar langanir um eigin vellíðan og sinna nánustu. Samtal um starfshætti og gildi í leikskólanum þarf að fara fram á vettvangi þar sem ekki er lengur hægt að treysta á samtalsfærni á sameiginlegu tungumáli eða menntunarlegan bakgrunn sem tryggir umræðugrundvöll. Börn eiga,



lögum samkvæmt, rétt á uppeldisumhverfi þar sem þau læra að lifa í lýðræði með því að lifa við lýðræði. Í erindinu er fjallað um hvernig börnum er skapað persónulegt svigrúm í leikumhverfi sínu, hvernig hlustað er eftir ásetningi þeirra um nýtingu umhverfis og vilja til samskipta. Sagt er að „orð séu til alls fyrst“ en í starfi sínum með ungum börnum hefur fyrirlesara skilist að „ásetningur er til alls fyrstur“. Börn hafa ásetning og vilja, forvitni, óskir og þarfir til að framkvæma áður en þau hafa tungumál og starfsfólk leikskóla þarf að læra að fylgja þeim eftir til að þeim líði vel, fari stöðugt fram og njóti lífsins sem best.

Fanný Heimisdóttir er leikskólastjóri í Sunnufold. Hún útskrifaðist 1977 sem fóstura og tók B.Ed nám 2003. Hún stundaði framhaldsnám í upplýsingatækni og stjórnun og lauk meistaranámi í menntunarfræði 2010. M.Ed. ritgerð hennar fjallaði um umhverfið sem þriðja kennarann. Fanný hefur unnið við leikskólakennslu alla tíð, sem deildarstjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.

Jafningjasambönd skipta öllu máli – Leiðir og lausnir fyrir starfsfólk leikskóla

Jafningjasambönd (e. peer-relationships) skipta miklu máli fyrir lífsgæði, heilsu og þroska barna. Afleiðingar fyrir þau börn sem lenda í vanda í jafningjasamböndum geta verið alvarlegar. Til að mynda eru auknar líkur á að þau verði fyrir einelti. Hægt er að ýta undir að börnum gangi betur í jafningjasamböndum með ýmsum aðferðum. Þar skiptir sjálfsefning, lýðræði og félagsfærni miklu máli. Í erindinu verður fjallað um nokkrar leiðir sem hægt er að nota með leikskólabörnum í þessum tilgangi. Aðferðirnar eru valdeflandi, bæta jafningjasambönd og eru forvörn gegn einelti. Markmiðið er að veita þeim sem hlusta raunveruleg verkfæri sem nýtast í starfi með börnum.



Vanda Sigurgeirsdóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vanda hefur rannsakað einelti hér á landi og hefur auk þess viðtæka reynslu af starfi á vettvangi. Hún hefur m.a. heimsótt fjöldan allan af leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, framhaldsskólum, íþróttafélög og félagsmiðstöðvum á undanförunum árum með námskeið og fyrirlestra fyrir kennara og fagfólk.

Töfrandi tungumál – Um sjálfsefningu, virkni og lýðræði í fjölmennningarlegum leikskóla

Leikskólinn Miðborg er með fjölbreyttan barna- og foreldrahóp og því er mikilvægt að vinna með fjölmennningarlegt leikskólastarf og hlúa að mismunandi menningarheimum og tungumálum. Lögð er áhersla á að öll börn fái jöfn tækifæri til náms og virkni í starfinu. Með því að skapa rými fyrir öll tungumál í leikskólaumhverfinu er börnunum gerð grein fyrir því að tungumálaheimar þeirra þurfi ekki að vera aðskildir. Lítið er á það sem hvatningu fyrir börnin til að nota og þróa móðurmál sitt og læra samtímis tungumál skólaumhverfisins. Þá getur það verið jákvæð hvatning og aukið víðsýni allra barna gagnvart tungumálum þegar þau fá að taka þátt í að rannsaka og upplifa fjölbreytt tungumál og nýta þær tungumálaauðlindir til að tengja við og læra tungumál skólaumhverfisins. Í Miðborg eru töluð yfir 20 tungumál og því mikilvægt að foreldrar séu þátttakendur.



Lena Sólborg Valgarðsdóttir er aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Miðborg. Hún útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 2009 og hefur starfað sem leikskólakennari og deildarstjóri síðan þá og tók nýverið við sem aðstoðarleikskólastjóri í Miðborg. Hún starfaði einnig hjá RannUng og sat í stjórn Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Lena Sólborg leggur stund á meistaranám í námi og kennslu yngri barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og stefnir á útskrift nú í vor.

Saga Stephensen er verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólanum Miðborg. Hún lauk BA-prófi í íslensku og japönsku 2007 og meistaraþrófi í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningarfræði 2015. Hún er nú í meistaranámi í menntunarfræði leikskóla og stefnir á útskrift í vor. Lokaritgerð hennar fjallar um þróunarverkefni í leikskólanum Miðborg, um innleiðingu kennsluaðferðinnar LAP í stefnu og starf leikskólans.



Skjásýning

Teikningar eftir leikskólabörn sem sýna hugmyndir þeirra um leikskólann og hvernig hann gæti verið. Myndirnar voru gerðar í tengslum við mótun nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Börnin eru í leikskólunum Ösp, Klettaborg, Hofi, Sólborg, Rauðhóli, Hólaborg, Laufskálum, Múlaborg, Reynisholti og Sæborg.

Takk fyrir komuna á ráðstefnuna 😊



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu fulltrúar skóla- og frístundasviðs, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla.